



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Akureyri, 31. maí 2019

Ágæta sveitarstjórn

Markaðsstofa Norðurlands hefur frá upphafi haft umsjón með starfi Flugklasans Air 66N á Norðurlandi. Markmið klasans er að koma á beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll allt árið um kring til framtíðar. Klasinn var stofnaður árið 2011 og síðan þá hefur mikið starf verið unnið til þess að búa í haginn og byggja upp svæðið til þess að taka á móti flugi beint til Norðurlands.

Mikill árangur hefur náðst á þeim tíma sem klasinn hefur starfað. Búið að koma á fót Flugþróunarsjóði af hálfu ríkisins til þess að styðja við beint millilandaflug um Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöll. Verið er að setja upp nýjan ILS aðflugsbúnað á Akureyrarflugvelli og verður hann tilbúinn til notkunar í haust. Áhugi erlendra ferðskipuleggjanda á Norðurlandi sem áfangastað er sífellt að aukast og smám saman erum við að komast betur á kortið hjá flugfélögum og ferðaskrifstofum. Breska ferðaskrifstofan Super Break hefur flogið beint frá Bretlandi til Akureyrar undanfarna tvo vetur og hyggst halda því áfram næsta vetur. Hollenska ferðaskrifstofan Voigt Travel mun hefja flugferðir beint frá Hollandi til Akureyrar í sumar og gert er ráð fyrir vetraráætlun hjá þeim einnig í framtíðinni. Reikna má með að tekjur af þessum farþegum sem hingað koma með beinu flugi árið 2019 muni nema meira en milljarði króna.

Verkefnið er þannig farið að skila svæðinu tekjum af auknum fjölda ferðamanna. Við erum komin langt en lokatakmarkinu er þó ekki enn náð. Afar mikilvægt er að halda áfram markaðssetningu á áfangastaðnum og baráttu fyrir uppbyggingu Akureyrarflugvallar til þess að ná að festa hér beint millilandaflug í sessi til framtíðar. Annar og sívaxandi þáttur í starfi klasans er að sinna þeim flugfélögum/ferðaskrifstofum sem nú þegar eru með flugferðir beint til Akureyrar. Fyrir þessa aðila er nauðsynlegt að hafa aðila á staðnum til þess að veita upplýsingar, aðstoða við samskipti við heimaaðila og vinna að sameiginlegum hagsmunum allra til þess að framkvæmdin gangi sem best. Ferðapjónustan á Norðurlandi vinnur með Flugklasnum að stuðningi við verkefnið á ýmsan hátt, m.a. með móttöku blaðamanna, kynnisferða, þátttöku í sýningum og framleiðslu markaðsefnis.

Sveitarfélög á Norðurlandi hafa um árabil stutt við starf flugklasans með sérstökum fjárframlögum. Breiður stuðningur og samstaða sveitarfélaga hefur reynst ómetanleg fyrir starf klasans og skapað þann árangur sem náðst hefur. Við þurfum á áframhaldandi stuðningi ykkar að halda til þess að halda áfram með verkefnið, byggja ofan á þann árangur sem náðst hefur og halda áfram á okkar leið til lokatakmarksins.

Við óskum hér með eftir aðkomu sveitarfélagsins með framlagi sem nemur 300 kr á hvern íbúa á ári í 3 ár (2020-2023).

Með von um góðar undirtektir og þökk fyrir veittan stuðning við verkefnið fram að þessu,
Hjalti Páll Þórarinsson, verkefnastjóri Flugklasans Air 66N